

ÁRSSKÝRSLA



2006

STJÓRN KKÍ

Á 45. ársþingi KKÍ á Ísafirði voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 2005-2006.

Stjórnarmenn til tveggja ára: Hannes Sigurbjörn Jónsson
Jón Halldórsson
Guðbjörg Norðfjörð

Í varastjórn til eins árs: Hrannar Hólm
Örvar Kristjánsson
Guðjón Þorsteinsson

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu:

Meðstjórnendur: Eyjólfur Guðlaugsson
Gísli Georgsson
Bjarni Gaukur Þórmundsson

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Formaður: Ólafur Rafnsson
Varaformaður: Hannes S. Jónsson
Ritari: Guðbjörg Norðfjörð
Gjaldkeri: Eyjólfur Guðlaugsson
Meðstjórnandi: Gísli Georgsson
Meðstjórnandi: Bjarni G. Þórmundsson
Meðstjórnandi: Jón Halldórsson

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

Mótanefnd: Ríkharður Hrafnkelsson
Hannes S. Jónsson
Jón Halldórsson

Dómaranefnd: Hannes S. Jónsson
Sigmundur Már Herbertsson
Helgi Bragason

Kvennalandsliðsnefnd: Guðbjörg Norðfjörð
Björg Hafsteinsdóttir
María Guðmundsdóttir
Stefanía S. Jónsdóttir

Karlalandsliðsnefnd: Hrannar Hólm
Jón Halldórsson
Gísli Georgsson
Gunnar Jóhannsson

Unglingalandsliðsnefnd:	Björn Björgvinsson Þóra Melsteð Erlingur Hannesson
Dómstóll KKÍ:	Gísli Gíslason Halldór Halldórsson Helgi Ingólfur Jónsson Jóhannes Karl Sveinsson Bogi Hjálmtýsson
Aganefnd KKÍ:	Ágúst Jóhannesson Hrafn G. Johnsen Ingimar Ingason
Til vara:	Gunnar Aðalsteinsson Jón Halldórsson Snorri Örn Arnaldsson
Félagaskiptanefnd:	Jóhannes Karl Sveinsson Halldór Halldórsson Elínborg Guðnadóttir
Til vara:	Kristinn Jörundsson Birgir Hákonarson Ragnar B. Sigurðsson
Endurskoðendur:	Ottó Hafliðason Gísli Friðjónsson
Framkvæmdastjóri: Mótastjóri:	Hannes Birgir Hjálmarsson Björn Leósson

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi, í byrjun maí 2005 á Ísafirði lauk, kom stjórn KKI saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 22 bókaða fundi auk fjölmargra annarra formlegra og óformlegra funda.

TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI OG KONU ÁRSINS

Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ íþróttamann og konu innan sinnar greinar. Stjórn KKI valdi að þessu sinni þau Helenu Sverrisdóttur, Haukum og Jón Arnór Stefánsson, Carpisa Napoli.

FORMANNAFUNDIR

Tveir formannafundir voru haldnir á tímabilinu. Fyrri fundurinn var haldinn 11. október 2005. Meðal annars var rætt um nýgerðan samning við Iceland Express vegna úrvalsdeildar karla og 1. deildar kvenna. Þá var rætt um mikilvægi þess að félögin kynntu eftir fremsta megni nýjan samstarfsaðila og stæðu sig vel í að koma öllum auglýsingaskiltum og öðru tengdu samningnum á framfæri. Þá var rætt um mikilvægi þess að KKI og félögin stæðu sig vel við að koma fréttum á heimasíður og til fjölmiðla. Síðari formannafundurinn var haldinn 8. apríl 2006. Þar var m.a. rætt um ársþing KKI 2006, lokahófið og mikilvægi þess að lið mættu á það. Einnig var rætt um "Ár kvenna í körfuknattleik" og forsvarsmenn félaga hvattir til að sjá til þess að félögin taki þátt í verkefninu. Auk þess var rætt var um félagaskiptamál og dómaramál. Einnig var rætt um Evrópukeppnir félagsliða og félög hvött til að skoða möguleika á þátttöku í þeim.

ÚTGÁFA Á TÍMARITINU KÖRFUBOLTINN

Ekki varð unnt að gefa út blaðið "Körfubolti 2005-2006", en útgáfa blaðsins er afar dýr og ekki tókst að tryggja rekstrargrundvöll fyrir útgáfu blaðsins.

PISTLASKRIF Á KKI.IS

Ólafur Rafnsson, fyrrum formaður KKI, hefur haldið úti pistlaskrifum á KKI.IS. Skrif þessi hafa vakið töluverða athygli, bæði innan íþróttahreyfingarinnar sem utan.

SAMNINGUR VIÐ ICELAND EXPRESS

Þriggja ára samningur við Iceland Express um úrvalsdeild karla og 1. deild kvenna var undirritaður í september. Hefur samstarfið gengið vel og hafa félögin staðið sig vel í að halda nafni Iceland Express á lofti. Afar jákvætt var að ná samningum um báðar deildirnar en fram að þessu hafði ekki tekist að fá styrktaraðila á 1. deild kvenna.

SAMNINGUR VIÐ ICELANDAIR

Samningur KKI við Icelandair rann út í lok ársins 2005. Samstarfið hefur gengið vel og er Icelandair þakkaður stuðningur og samstarf á liðnum árum.

SAMNINGUR VIÐ VÍFILFELL

Gerður var þriggja ára samningur við Vífilfell vegna fyrirtækjabikarkeppinnar sem verður kennd við POWERADE. Samningurinn gildir út árið 2007.

SAMNINGUR VIÐ SÝN OG RÚV.

Samningar við SÝN og RÚV vegna beinna útsendinga runnu út í lok tímabilsins 2005-2006. Báðar stöðvarnar sýndu frá leikjum í Iceland Express-deild karla og RÚV frá leikjum í Iceland Express-deild kvenna. SÝN sýndi frá úrslitakeppninni í Iceland Express-deildinni og RÚV sýndi frá úrslitaleikjum í bikarkeppni KKI og Lýsingar sem og úrslitaleikjunum í Powerade-bikarnum. Jafnframt sýndi RÚV beint frá stjórnuleikjum kvenna og karla. Samtals urðu beinar sjónvarpsútsendingar á þriðja tuginn annað árið í röð

SAMNINGUR VIÐ HÓPBÍLA

Samningurinn við Hópbíla var ekki endurnýjaður, en Gísli Friðjónssyni forstjóra Hópbíla er þakkað áralangt samstarf og samvinna.

SAMNINGUR VIÐ LENGJUNA

Samningur við Lengjuna er enn í gangi upp á fasta árlega greiðslu. Ástæða er til að hvetja körfuknattleiksunnendur að tippa á Lengjunni, 1x2 og í Lottóinu en þessi fyrirtæki eru mjólkurkúr hreyfingarinnar og halda í raun lífi í sérsamböndum ÍSÍ.

SAMNINGUR VIÐ ÍSLENSKAR GETRAUNIR

Íslenskar getraunir styrktu afreksbúðir KKÍ í sumar og er von á áframhaldandi stuðningi við yngri körfuknattleiksliðkendur af þeirra hálfu.

STYRKUR TIL KVENNA FRÁ ÍSLENSKUM GETRAUNUM

Íslenskar getraunir styrktu sambandið að upphæð 1.000.000,- vegna þátttöku kvennalandsliðsins á EM í ár. Kynningarfundur var haldinn í tilefni af þátttöku íslenska liðsins í desember og afhentu Stefán Konráðsson frá ÍSÍ og Pétur Hrafn Sigurðsson frá Íslenskum getraunum styrkinn til KKÍ.

SAMNINGUR VIÐ SAFALANN.

KKÍ er með samning við heildverslunina SAFALANN, sem flytur inn Errea, vegna búninga á öll landslið Íslands í körfuknattleik. Samningurinn rennur út í lok ársins 2006.

SAMNINGUR VIÐ BADEN

KKÍ er með samning við Baden um notkun á BADEN körfuboltum í Iceland Express-deild og 1. deild kvenna. Baden útvegar bolta fyrir KKÍ sem dreift er til landsliða og liða í efstu deildum karla og kvenna. Samningurinn rennur út í lok ársins 2006

LOKAHÓF KKÍ

Lokahófið var að þessu sinni haldið fyrir fullu húsi gesta í Súlnasal RadissonSAS hótelsins við Hagatorg í Reykjavík og þótti heppnast mjög vel. Heiðursgestur á hófinu var Sarunas Marciulionis, fyrrum NBA-stjarna og eigandi körfuknattleiksskólans Sarunas Marciulionis í Litháen.

UNGIR OG EFNILEGIR

KKÍ fékk áframhaldandi styrk fyrir Brynjar Þór Björnsson og til viðbótar styrki fyrir Örn Sigurðsson og Rögnu Margréti Brynjarsdóttur, úr sjóði fyrir unga og efnilega.

ÞJÁLFRANÁMSKEIÐ EABC

Seinni hluti þjálfaranámskeiðs EABC var haldið í ágúst. Samvinnu EABC og FIBA Europe var reyndar breytt og kom aðeins einn þjálfari - Maurizio Mondoni – á námskeiðið að þessu sinni.

EFTIRLITSNEFND ÚRVALSDEILDAR

Eftirlitsnefndin var að störfum yfir veturinn en töluvert vinnuálag var á nefndinni yfir veturinn við að óska eftir og fara yfir aragrúa af gögnum frá félögum. Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir innsend gögn félagnanna þótti ekki ástæða til að úrskurða um brot á reglugerð um úrvalsdeild í vetur.

SETNING ÍSLANDSMÓTSINS

Setning mótsins fór að þessu sinni fram í íþróttahúsi nýliða Hattar á Egilsstöðum í fyrstu umferð Íslandsmótsins, 13. október 2005.

MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK

Meistarakeppnin – góðgerðaleikirnir fóru fram í Keflavík þar sem Keflvíkingar mættu Njarðvíkingum í karlaflokki og Haukum í kvennaflokki. Ágóðinn rann að þessu sinni til ”Foreldrafélags barna með axlarklemmu”.

STJÖRNULEIKIR KKÍ

Stjörnuleikir KKÍ fóru fram í DHL-höllinni við Frostaskjól með góðri aðstoð KR-inga. Leikirnir voru báðir sýndir beint á RÚV og þótti útsending takast afar vel. Í kvennaleiknum lék landslið Íslands gegn erlendum leikmönnum í Iceland Express-deild kvenna. Fyrir karlaleikinn fóru liðin í heimsókn á Barnaspítala Hringins og fengu þar góðar viðtökur. Íþróttafréttamenn völdu fyrstu sjö leikmenn liðanna, annað skipað íslenskum leikmönnum og hitt erlendum leikmönnum í Iceland Express-deild karla. Verðlaun frá veitingastaðnum Red Chili voru veitt fyrir sigur í troðslukeppninni karla og í þriggja stiga skotkeppninni karla og kvenna.

ELÍTUBÚÐIR KKÍ

KKÍ stóð fyrir ”Elítubúðum” fyrir stráka fædda 1992-1994 og stelpur fæddar 1991-1993 yfir tvær helgar, eina í júní og eina í ágúst og var góð mæting í búðirnar, en um 170 krakkar tóku þátt í búðunum sem voru að venju undir forsjá Benedikts Guðmundssonar.

NETIÐ OG VEFSÍÐA KKÍ

Notkun netsins fer mjög vaxandi í allri starfsemi KKÍ og í samskiptum við t.d. félög og fjölmiðla. Leikvarpið hefur sannað gildi sitt og hafa flest félögin staðið sig vel í að nota og senda inn úrslit og tölfraeðiupplýsingar. Ástæða er til að ítreka mikilvægi þess að setja inn tölfraeði strax að leikjum loknum því bæði fylgist almenningur með þessu svo og fjölmiðlar. Þeir nýta sér í auknum mæli upplýsingar sem þar koma fram. Enn sem fyrr hafa Óskar Ófeigur Jónsson og Rúnar Gíslason verið óþreytandi við að setja inn úrslit á vefinn og Óskar hefur unnið frábært starf við að setja inn fréttir af úrslitum leikja í yngri flokkum, utanumhald á tölfraeði úrslitaleikja, auk ýmis konar tölfraeði sem finna má undir greinar á vef KKÍ. Farið var af stað með ”myndaglugga” í apríl þar sem daglega birtist ný mynd sem fer í myndasafn á vef sambandsins. Þar hafa birtist myndir úr leikjum og úr starfi körfuknattleikshreyfingarinnar, m.a. myndir úr landsliðsferðum, frá ársþingum og lokahófum. Hefur þessi nýbreytni vakið mikla athugli innan hreyfingarinnar og viðbrögð verið afar jákvæð og góð. Á árinu var vefur sambandsins einnig skráður í samræmda vefmælingu hjá Modernus. Sú mæling hefur staðfest fyrri mælingar á notkun vefjarins og gott betur. Þegar best lætur eru heimsóknir á vefinn yfir 50 þúsund á mánuði.

VEFSÍÐUR FÉLAGANNA

Öll félög í Iceland Express-deildinni og reyndar mörg önnur einnig, hafa komið upp vefsíðu, og eru nú alls 34 aðildarfélög með vefsíður. Slíkt er mikilvæg þjónusta við áhangendur og í raun fjölmiðla einnig. KKÍ hefur verðlaunað bestu vefi félaganna. Vefsíða mánaðarins hefur verið valin af dómnefnd allt tímabilið. Skemmst er frá því að segja að vefsíða KR var valin alla mánuðina, nema desember er vefsíða ÍR var valin og vefsíða Breiðabliks vann í janúar. KR-vefurinn var valinn vefur ársins á lokahófi KKÍ annað árið í röð og í fjórða skipti alls. Ætlunin er að halda áfram að verðlauna félögin fyrir góða frammistöðu á vettvangi vefsíðna.

FJÖLMIÐLAR

Ástæða er til að hrósa félögum almennt vegna upplýsingastreymis til fjölmiðla og hefur það sannað að félögin og KKÍ geta haft mikil áhrif á umfjöllun fjölmiðla með því að sjá þeim fyrir fréttum. Á heimasíðu KKÍ var tekin upp sú nýlunda að fjölmiðlum var boðið að vera á póstlista og fá þannig fréttir strax og þær birtust á www.kki.is ásamt úrslitum leikja og tölfraeði. Gott samstarf hefur verið við fjölmiðla og í vetur bættist við miðill sem fjallar um körfuknattleik um allan heim, www.karfan.is og hefur tekist ágætt samstarf með KKÍ.IS og KARFAN.IS. Haldnir voru fjölmargir blaðamannafundir á árinu vegna keppni í mótum sambandsins og sérstakra viðburða.

ALÞJÓÐLEGIR FUNDIR

Ólafur Rafnsson og Hannes Birgir Hjálmarsson sóttu ársþing FIBA Europe sem haldið var í Porto Rose í Sloveníu í maí sl. Ólafur hefur sótt tvo fundi stjórnar og Pétur Hrafn Sigurðsson einn fund unglínganefndarinnar. Í október var fundur Norðurlandaþjóðanna haldinn í Helsinki. Auka Norðurlandafundur var haldinn í Reykjavík 25. júní og var Nar Zanolin, Framkvæmdastjóra FIBA Europe, boðið á fundinn og honum kynntir sérstakir hagsmunir körfuknattleikssambandanna á Norðurlöndum og sérstaða þeirra. Er vonast til þess að aukins skilnings muni gæta á sérstöðu Norðurlandasambandanna í kjölfarið. Ólafur Rafnsson fór á stjórnuleik NBA, ásamt gestum á vegum KKÍ. Snorri Örn Arnaldsson tók þátt í unglíngaráðstefnu á Álandseyjum í október og einnig í undirbúningsfundi vegna samstarfs um unglíngastarf á Norðurlöndunum í janúar.

STARFSSKÝRSLUR ÍSÍ

Samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ eru 5754 iðkendur í körfuknattleik árið 2004 og er það aukning um 187 iðkendur frá fyrra ári. Þegar farið er yfir iðkendatölur félaganna sést að nokkur misbrestur er á að félögin standi vel að skráningu iðkenda sinna og voru sum félög með miklum mun færri iðkendur skráða í starfsskýrslur heldur en æfa í raun. Mikilvægt er að hafa þessa skráningu í lagi. Vonir standa til þess að skráningar verði nákvæmari með tilkomu Felix forritsins sem ÍSÍ hefur nýverið tekið í notkun. Sérstök ásæða er til að hvetja aðildarfélögin til að sinna þessari skyldu sinni mun betur því skráningar hafa því miður ekki verið í lagi allstaðar.

FRAMLÖG FRÁ ÍSÍ

Peningaleg framlög frá ÍSÍ hafa aukist á þessu ári í gegnum afrekssjóð ÍSÍ og er það vel. ÍSÍ hefur fengið auknar fjárveitingar og hafa þær runnið til sérsambandanna.

LYFJAMÁLEFNI

Alls voru 10 körfuknattleiksmenn teknir í lyfjapróf hjá ÍSÍ, sem öll voru athugasemdalaus.

GOLFMÓT KÖRFUKNATTLEIKSMANNA

Golfmótið fór fram í sjötta sinn og var það haldið á Hellu undir öruggri stjórn formanns mótanefndar KKÍ, Ríkharðs Hrafnkelssonar. Eiríkur Jónsson, sigraði með forgjöf og María Guðnadóttir, sigraði án forgjafar. Mótið í ár verður haldið 9. júní nk. á Akranesi.

ALÞJÓÐLEGAR ÆFINGABÚÐIR Í GRIKKLANDI

Þremur íslenskum strákum fæddum 1991 hefur verið boðið að taka þátt í alþjóðlegum æfingabúðum ásamt einum þjálfara í Kolindros í Grikklandi 21.-27. ágúst nk. í boði FIBA Europe - verið er að velja þátttakendur í þjálfunarbúðirnar.

MÁLÞING UM ÍPRÓTTAAKADEMÍUR

KKÍ stóð fyrir málþingi um íþróttakademíur í tilefni af heimsókn Sarunas Marciulionis til landsins. Marciulionis kynnti körfuknattleiksakademíu Sarunas Marciulionis í Litháen og Geir Sveinsson og Sigurður Ingimundarson kynntu íþróttakademíuna í Reykjanesbæ. Pallborðsumræður í lok fundarins voru hinar líflegustu, en þeir Sebastian Alexanderson frá HSÍ, Brynjar Karl Sigurðsson frá FSu og Hörður Þorsteinsson frá GSÍ og sátu fyrir svörum ásamt Marciulionis og Geir Sveinssyni.

“ÁR KVENNAKÖRFUKNATTLEIKS Í EVRÓPU”

Kynningarfundur um “Ár kvennakörfuknattleiks í Evrópu” var haldinn 18. apríl sl., þar sem kynnt var verkefnaáætlun vegna verkefnisins á Íslandi. Verkefnisstjóri “Árs kvenna í körfuknattleik” á Íslandi er Guðbjörg Norðfjörð. Ásamt fulltrúum KKÍ fluttu þau Margrét Kristmannsdóttir, formaður félags kvenna í atvinnurekstri og Adolf Ingi Erlingsson, formaður Samtaka íþróttafréttamanna erindi. “Ár kvenna í körfuknattleik” hófst á alþjóðlega kvennadeginum 8. mars 2006 og lýkur á úrslitakeppni Evrópukeppni landsliða í september 2007.

FORMANNASKIPTI

Þann 27. apríl tók Hannes Sigurbjörn Jónsson tók við formennsku KKÍ af Ólafi Rafnssyni, sem hafði gefið kost á sér í embætti forseta ÍSÍ. Hannes Sigurbjörn er einn í kjöri til formanns á ársþingi KKÍ 2006 og verður því formaður KKÍ næstu tvö árin amk.

ÍPRÓTTAÞING ÍSÍ 2006

Ípróttatíning ÍSÍ var haldið á Grand Hóтели 29.-30. apríl sl. og var helsta mál fyrir þinginu forsetakjör, en í framboði voru Sigríður Jónsdóttir, varaforseti ÍSÍ og Ólafur Rafnsson fráfarandi formaður KKÍ. Ólafur Rafnsson var kjörinn forseti á þinginu með 120 atkvæðum gegn 113. Þingfulltrúar KKÍ á þinginu voru: Ólafur Rafnsson, Hannes Sigurbjörn Jónsson, Guðbjörg Norðfjörð, Guðjón Þorsteinsson, Einar Bollason, Snorri Örn Arnaldsson og Hannes Birgir Hjálmarsson

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

Á ársþingi KKÍ 2005 á Ísafirði voru veitt eftirfarandi heiðursmerki: Guðjón Þorsteinsson og Kári Marísson, gullmerki og Pétur Hólmsteinsson og Gísli Páll Pálsson, silfurmerki. Elínborgu Guðnadóttur og Hannesi Ágústi Jóhannssyni var afhent gullmerki sambandsins á lokahófi þess nú í apríl. Silfurmerki fengu Birgir Hákonarson og Gunnar Freyr Steinsson.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Hannesi S. Jónssyni og Jóni Halldórssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Keflavík varð deildarmeistari í Iceland Express-deildinni, Þór Ak. og Höttur féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg og mikið af spennandi leikjum. Keppnin vakti mikla athygli, áhorfendur flykkust í íþróttahúsin og mikil umræða var í samfélaginu um keppnina. Njarðvík hafði sigur á ÍR í tveimur viðureignum, sem og Skallagrímur á Grindavík og Keflavík á Fjölni. Í oddaleik sló KR lið Snæfells út, en mikil spenna var í öllum leikjum þeirrar viðureignar. Í undanúrslitum lagði Njarðvík KR í þremur viðureignum gegn einni. Viðureign Keflavíkur og Skallagrím fór í oddaleik þar sem Skallagrímismenn höfðu betur. Í lokaúrslitunum mættust því Njarðvík og Skallagrímur. Í skemmtilegum úrslitaleikjum fór svo að Njarðvík hafði 3-1 sigur á Skallagrím.

Grindavík fagnaði sigri í bikarkeppni KKÍ & LÝSINGAR eftir úrslitaleik við Keflavík. Grindavík og ÍS mættust í úrslitaleik kvenna og sigraði ÍS í spennandi leik. Í Powerade-bikarnum vann Njarðvík eftir úrslitaleik gegn KR. Njarðvík sigraði Keflavík í undanúrslitum, en KR lagði Fjölni. Keppnin fór fram í Laugardalshöll. Haukar sigruðu í Powerade-bikar kvenna, sem haldin var í sjötta sinn. Í úrslitaleiknum báru Haukar sigurorð af Keflavík. Undanúrslit keppinnar fóru fram í Laugardalshöll samhliða úrslitum karla. Haukar unnu ÍS og Keflavík hafði betur gegn Grindavík. Úrslitaleikurinn fór fram í Digranesi í Kópavogi viku síðar. Vonir standa til þess að í framtíðinni verði hægt að leika undanúrslit og úrslit bæði í karla og kvennaflokki í Laugardalshöll á einni helgi.

Í Iceland Express-deild kvenna léku sex félög, Breiðablik kom upp úr 2. deild. Njarðvík dró lið sitt út úr deildinni og tók KR sæti þeirra. Haukar urðu deildarmeistarar og einnig Íslandsmeistarar eftir þrjá úrslitaleiki gegn Keflavík. Haukar slógu ÍS út í undanúrslitum, 2-1, en Keflavík hefði betur gegn Grindavík, 2-0. KR féll í 2. deild annað árið í röð.

1. deild karla var skipuð tíu félögum. HHF ákvað að taka ekki sæti í deildinni þrátt fyrir að hafa sigrað í 2. deild árið áður. Sæti þeirra tók nýtt félag, FSu, frá Fjölbrotaskóla Suðurlands, en þar var komið á laggirnar svokallaðri “körfubolta akademíu”. Tindastóll varð deildarmeistari og vann sér þar með sæti í Iceland Express-deildinni, en liðin í 2.-5. sæti háðu úrslitakeppni. Valur og Breiðablik áttust við annars vegar og Þór Þ. og FSu hins vegar. Þór Þ. og Breiðablik sigruðu mótherja sína og léku til úrslita um hitt sætið í Intersport-deildinni. Svo fór að Þór Þ. sigraði í tveimur leikjum og vann sér sæti í efstu deild í annað sinn í sögu félagsins. ÍS og Reynir S. féllu í 2. deild.

Alls var leikið í 5 landshlutadeildum í 2. deild karla. Úrslitakeppni 2. deildar karla, A-liða, fór að þessu sinni fram á Hvolsvelli og Hellu. Ármann/Þróttur og ÍG léku til úrslita þar sem Ármann/Þróttur bar sigur úr bítum og leikur í 1. deild að ári, ásamt ÍG.

Níu lið tóku þátt í 2. deild kvenna, tveimur fleiri en árið áður. Þór Ak. og ÍR tóku nú aftur þátt, en á lokasprettinum dró ÍR lið sitt úr keppni. Hamar/Selfoss tryggði sér sæti í 1. deild í fyrsta sinn í sögu félagsins, sigraði í öllum leikjum sínum í deildinni nema einum. Tindastóll tapaði einnig einungis einum leik, en varð á öðru sæti vegna lakari stöðu í innbyrðisviðureignum sínum við Hamar/Selfoss.

Bikarúrslit yngri flokka voru haldin í DHL-höll KR-inga í vesturbæ Reykjavíkur í mars. KR hafði veg og vanda að skipulagningu og umgjörð leikjanna sem var eins og best verður á kosið.

Úrslitakeppni yngri flokka fór að nýju fram í Laugardalshöll. Ekki gekk þó átakalaust að koma leikjunum á, því búið var að þrífóka húsið, m.a. fyrir tónleika. KKÍ hafði pantað

húsið með 11 mánaða fyrirvara og gengið hafi verið frá því með 7 mánaða fyrirvara að tvær síðustu helgar apríl mánaðar væru bókaðar fyrir þessa úrslitakeppni. Mótanefnd finnst að leggja beri áherslu á að keppnin fari fram í Laugardalshöll, sé þess nokkur kostur. Bæta mætti umgjörðina í líkingu við það sem tíðkast í úrslitaleikjum bikarkeppninnar, en það verður ekki gert nema einu félagi verði úthlutað umsjón með úrslitunum og það félag hafi af því einhvern fjárhagslegan ávinning.

Færa varð talsvert af leikjum sem fyrirhugaðir voru í nýbyggingu Laugardalshallar. Strandaði á tæknilegum útfærslum á því hvernig koma eigi körfum fyrir í húsinu og var leikjunum fundinn staður í öðrum húsum í borginni. Af þessu varð nokkurt óhagræði, þó sérstaklega fyrir heimaliðið, Ármann/Þrótt, sem hefur þurft að leika heimaleiki sína vítt og breitt um borgina fyrir vikið.

Nokkur brögð voru að því að dómarar skiluðu skýrslum seint eða ekki til KKÍ. Þó er jákvætt að trössunum fer ört fækkandi. Einnig bar á því að félögin skiluðu ekki skýrslum til KKÍ, einkum í drengjaflokki og unglingaflokki kvenna. Þar sem KKÍ-dómarar eru ekki á þessum leikjum er nauðsynlegt að félögin haldi vel utan um þessar skýrslur og komi þeim án tafar til KKÍ. Einnig er tímabært að félögum verði gert skylt að setja úrslit leikja inná leikvarpið strax að leik loknum í öllum flokkum, þar sem ekki er leikið í fjölliðamótum.

Alls sendu 48 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 2005-2006. Félögum sem tóku þátt í Íslandsmótinu fækkaði því um eitt frá síðasta ári. Nokkur félög sem voru með árið áður tóku ekki þátt að þessu sinni, en nokkur ný bættist við. Þau félög sem sendu ekki lið til keppni voru: Ljónin, Garpur, HHF, Reynir Hn, Smári og ÍFL. Ný félög voru FSu, Hvíti riddarinn, Sindri, Hekla og Léttir. Þá keppti ÍV undir merki ÍBV. Af þessum 48 félögum tóku 42 þátt í deildarkeppninni í meistaraflokki, en 6 félög sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkunum. Þau voru: Kormákur, Reykdælir, Hekla, UMF Álftanes, UMF Bolungarvíkur og Hörður. Þess má geta að Kormákur, sem rekið hefur mjög öflugt yngri flokka starf undanfarin ár, vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil á tímabilinu.

Í fyrsta sinn voru fimm riðlar í einum aldursflokk, 8. flokki karla, og almennt var um fjölgun liða að ræða í yngri flokkunum. Kvennaflokkum fjölgaði talsvert frá því sem áður var, en ljóst er að enn eru sóknarfæri á þeim vígstöðvum.

ÍSLANDSMÓT 2005-2006

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

Meistaraflokkur karla – Iceland Express-deild	Ungmennafélag Njarðvíkur
Meistaraflokkur kvenna – Icel.Express-deild	Knattspyrnufélagið Haukar
1. flokkur karla (2. deild b-lið)	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Unglingaflokkur karla	Ungmennafélagið Fjölnir
Unglingaflokkur kvenna	Knattspyrnufélagið Haukar
Drengjaflokkur	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
11. flokkur karla	Ungmennafélag Njarðvíkur
10. flokkur karla	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
10. flokkur kvenna	Ungmennafélag Grindavíkur
9. flokkur karla	Ungmennafélagið Fjölnir
9. flokkur kvenna	Ungmennafélagið Kormákur
8. flokkur karla	Ungmennafélagið Fjölnir
8. flokkur kvenna	Knattspyrnufélagið Haukar
7. flokkur karla	Breiðablik ungmennafélag
7. flokkur kvenna	Íþrótt og ungmennafélagið Keflavík
Minnibolti drengja	Knattspyrnufélag Reykjavíkur
Minnibolti stúlkna	Ungmennafélag Grindavíkur

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

Minnibolti drengja

Knattspyrnufélag Reykjavíkur c-lið

DEILDARMEISTARAR Í NEÐRI DEILDUM

1. deild karla

Ungmennafélagið Tindastóll

2. deild karla

Árman/Þróttur

2. deild kvenna

Hamar/Selfoss

MEISTARFLOKKUR KARLA ICELAND EXPRESS-DEILD

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Keflavík	22	18	4	1934:1717	217	36
2.	UMFN	22	17	5	1967:1650	317	34
3.	KR	22	15	7	1843:1696	147	30
4.	Skallagrímur	22	15	7	1860:1677	183	30
5.	UMFG	22	14	8	2118:1908	210	28
6.	Snæfell	22	14	8	1842:1745	97	28
7.	ÍR	22	11	11	1870:1910	-40	22
8.	Fjölnir	22	8	14	1975:2037	-62	16
9.	Hamar/Self.	22	7	15	1737:1987	-250	14
10.	Haukar	22	5	17	1810:1906	-96	10
11.	Þór Ak.	22	5	17	1753:1936	-183	10
12.	Höttur	22	3	19	1654:2194	-540	6

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI ICELAND EXPRESS-DEILDAR

8-LIÐA ÚRSLIT

Keflavík – Fjölnir	94-78	KR – Snæfell	68-71
Fjölnir – Keflavík	84-87	Snæfell – KR	61-62
		KR – Snæfell	67-64
UMFN – ÍR	77-67	Skallagrímur – UMFG	95-81
ÍR – UMFN	76-78	UMFG – Skallagrímur	73-77

4-LIÐA ÚRSLIT

Keflavík – Skallagrímur	97-82	UMFN - KR	101-65
Skallagrímur – Keflavík	94-76	KR - UMFN	77-61
Keflavík – Skallagrímur	129-79	UMFN - KR	91-80
Skallagrímur – Keflavík	94-85	KR – UMFN	85-90
Keflavík - Skallagrímur	80-84		

ÚRSLIT

UMFN – Skallagrímur	89-70
Skallagrímur – UMFN	87-77
UMFN – Skallagrímur	107-76
Skallagrímur – UMFN	60-81

TÖLFRÆÐI INTERSPORT-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR

(Sjá nánar www.kki.is)

Flest stig í Iceland Express-deild	A.J. Moye	Keflavík	28,9
Besta nýting úr 3ja stiga skotum	Christopher Manker	Skallagrímur	46,2%
Besta vítanýting	Milojica Zekovic	Höttur	88,5%
Flest fráköst	George Byrd	Skallagrímur	16,5
Flestar stoðsendingar	Jeremiah Johnson	UMFG	7,0
Flest varin skot	Egill Jónasson	UMFN	3,6
Flestir stolnir boltar	Clifton Cook	Hamar/Selfoss	3,5

ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKI

Úrvalslíð Intersport-deildar	Magnús Þór Gunnarsson Páll Axel Vilbergsson I. Magni Hafsteinsson Fannar Ólafsson Friðrik Stefánsson	Keflavík UMFG Snæfell KR UMFN
Besti leikmaður	Friðrik Stefánsson	UMFN
Besti ungi leikmaðurinn	Hörður Axel Vilhjálmsson	Fjölnir
Besti erlendi leikmaður	A.J. Moye	Keflavík
Besti varnarmaðurinn	I. Magni Hafsteinsson	Snæfell
Besti þjálfari	Bárður Eyþórsson	Snæfell
Besti dómari	Sigmundur Már Herbertsson	UMFN
Prúðasti leikmaðurinn	Pálmi Sævarsson	Skallagrímur

LOKASTAÐAN Í ICELAND EXPRESS-DEILD KVENNA

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Haukar	20	19	1	1733:1172	561	38
2.	UMFG	20	14	6	1593:1356	237	28
3.	Keflavík	20	12	8	1744:1355	389	24
4.	ÍS	20	11	9	1423:1383	40	22
5.	Breiðablik	20	2	18	1199:1691	-492	4
6.	KR	20	2	18	1038:1773	-735	4

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI ICELAND EXPRESS-DEILDAR KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

Haukar – ÍS	76-66	UMFG - Keflavík	83-90
ÍS – Haukar	83-71	Keflavík - UMFG	97-72
Haukar – ÍS	91-77		

ÚRSLIT

Haukar – Keflavík	90-61
Keflavík – Haukar	77-79
Haukar – Keflavík	81-77

TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

Besta vitanýting	Helena Sverrisdóttir	Haukar	82,4%
Besta nýting úr 3ja stiga skotum	Megan Mahoney	Haukar	45,7%
Flest stig	Jerica Watson	UMFG	29,1
Flest fráköst	Meagan Hoffman	Breiðablik	17,0
Flest varin skot	Jerica Watson	UMFG	3,8
Flestir stólnir boltar	Reshea Bristol	Keflavík	7,8
Flestar stoðsendingar	Reshea Bristol	Keflavík	7,8

ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

Úrvalslíð Icel.Express-deildar kvenna	Hildur Sigurðardóttir Helena Sverrisdóttir Birna Valgarðsdóttir María Ben Erlingsdóttir Signý Hermannsdóttir	UMFG Haukar Keflavík Keflavík ÍS
Besti leikmaður	Helena Sverrisdóttir	Haukar
Besti ungi leikmaðurinn	María Ben Erlingsdóttir	Keflavík
Besti varnarmaðurinn	Pálína Gunnlaugsdóttir	Haukar
Besti þjálfari	Ágúst S. Björgvinsson	Haukar
Besti erlendi leikmaðurinn	Megan Mahoney	Haukar
Prúðasti leikmaðurinn	Þórunn Bjarnadóttir	ÍS

LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Tindastóll	18	14	4	1665:1481	184	28
2.	Þór Þorl.	18	13	5	1534:1336	198	26
3.	Valur	18	12	6	1532:1431	101	24
4.	Breiðablik	18	12	6	1512:1366	146	24
5.	FSu	18	11	7	1516:1453	63	22
6.	Stjarnan	18	9	9	1467:1428	39	18
7.	KFÍ	18	6	12	1374:1534	-160	12
8.	Drangur	18	6	12	1351:1524	-173	12
9.	ÍS	18	5	13	1458:1508	-50	10
10.	Reynir S.	18	2	16	1323:1671	-348	4

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

Valur – Breiðablik	61-71	Þór Þ. – FSu	85-72
Breiðablik – Valur	103-73	FSu – Þór Þ.	72-80

ÚRSLIT

Þór Þ. - Breiðablik	68-61
Breiðablik – Þór Þ.	60-65

2. DEILD KARLA

Alls tók 20 félög þátt í 2. deild karla. Auk þess tóku 1. flokks lið þátt í deildinni sem B-lið. Deildinni var skipt í fimm landshlutadeildir og leikið var heima og að heiman.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-1

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Haukar B	12	10	2	1111:930	181	20
2.	Fjölnir B	12	7	5	1028:915	113	14
3.	Árm/Þrótt	12	7	5	940:958	-18	14
4.	Árvakur	12	6	6	907:942	-35	12
5.	HK	12	5	7	932:925	7	10
6.	Stjarnan B	12	4	8	844:932	-88	8
7.	Umf. Glói	12	3	9	934:1094	-160	6
8.	Léttir		0	0	0:0	0	0

Léttir hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-2

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	KR B	12	9	3	949:833	116	18
2.	Leiknir R.	12	9	3	791:715	76	18
3.	ÍA	12	8	4	909:849	60	16
4.	Deiglan	12	6	6	883:821	62	12
5.	Skallagrímur B	12	5	7	860:888	-28	10
6.	ÍR B	12	3	9	902:1061	-159	6
7.	Hrönn	12	2	10	756:883	-127	4

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-3

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Hvítir riddar.	15	12	3	1285:991	294	24
2.	Valur B	14	11	3	1213:1030	183	22
3.	ÍG	15	10	5	1228:1125	103	20
4.	Brokey	15	4	11	1020:1221	-201	8
5.	Breiðablik B	14	4	10	976:1121	-145	8
6.	Þróttur V.	15	3	12	1034:1268	-234	6

Enn vantar úrslit í einum leik.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-4

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Dalvík	6	6	0	498:418	80	12
2.	Höttur B	5	2	3	331:324	7	4
3.	Skotf Ak	7	1	6	448:535	-87	2

Enn vantar úrslit í tveimur leikjum.

LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-5

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Dímon	11	9	2	791:645	146	18
2.	ÍBV	12	9	3	858:730	128	18
3.	UMFH	11	4	7	817:896	-79	8
4.	Laugdælir	12	4	8	762:807	-45	8
5.	Sindri	12	3	9	823:973	-150	6

Enn vantar úrslit úr einum leik.

ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegargar riðlanna komust í úrslit auk liða í öðru sæti í A2, A3 og A5. Keppnin var að þessu sinni haldin á Hvolsvelli og Hellu. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Tvö efstu liðin í hvorum riðli léku síðan til undanúrslita og sigurvegarar þeirra leikja úrslitaleik deildarinnar. Tapliðin léku um 3. sætið o.s.f.v. Svo fór að Ármann/Þróttur og ÍG léku til úrslita og hafði Ármann/Þróttur betur. Bæði liðin unnu sér rétt til að leika í 1. deild að ári.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:

A-riðill: Dímon, Hvíti riddarinn, ÍA, Dalvík

B-riðill: Ármann/Þróttur, ÍG, Leiknir, ÍBV.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. Dímon	3	3	0	232:196	36	6
2. Hvíti riddarinn	3	2	1	208:169	39	4
3. ÍA	3	1	2	185:220	-35	2
4. Dalvík	3	0	3	187:227	-40	0

LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. Ármann/Þróttur	3	3	0	251:207	44	6
2. ÍG	3	1	2	253:251	2	2
3. Leiknir R.	3	1	2	230:245	-15	2
4. ÍBV	3	1	2	195:226	-31	2

4-LIÐA ÚRSLIT

Hvíti riddarinn – Ármann/Þróttur 71-91 ÍG - Dímon 70-65

LEIKIR UM SÆTI:

1.-2. sæti:	ÍG - Ármann/Þróttur	63-71
3.-4. sæti	Hvíti riddarinn - Dímon	70-61
5.-6. sæti	ÍA - Leiknir	46-60
7.-8. sæti	ÍBV - Dalvík	82-92

2. DEILD KVENNA

Alls tóku 7 félög þátt í 2. deild kvenna. Deildarmeistari varð Hamar/Selfoss.

Nr. Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1. Hamar/Self.	14	13	1	1018:533	485	26
2. Tindastóll	14	13	1	1246:667	579	26
3. Laugdælir	14	9	5	838:767	71	18
4. Árm/Þrótt	13	6	7	702:822	-120	12
5. Fjölnir	13	5	8	651:754	-103	10
6. Skallagrímur	14	4	10	671:879	-208	8
7. UMFH	14	3	11	663:945	-282	6
8. Þór Ak.	14	2	12	624:1046	-422	4
9. ÍR		0	0	0:0	0	0

ÍR hætti keppni. Úrslit vantar úr einum leik.

1. FLOKKUR KARLA

Tíu félag léku í 1. flokki karla og léku þau í 2. deild karla. Þessi lið voru auðkennd með bókstafnum B: Breiðablik, Haukar, KR, ÍR, Valur, Fjölnir, Stjarnan, Skallagrímur, Höttur og Keflavík. Keflavík hætti keppni.

ÚRSLITAKEPPNI 1. FLOKKS KARLA (B-lið 2. deildar ka.)

Eftirtalin félag komust í úrslitakeppni 1. flokks karla: Breiðablik, Haukar, ÍR, KR, Fjölnir, Valur, Stjarnan og Skallagrímur.

8-LIÐA ÚRSLIT

KR - Breiðablik	95-79	Fjölnir – Skallagrímur	72-61
Valur – Stjarnan	96-80	Haukar – ÍR	103-92

4-LIÐA ÚRSLIT

Valur - KR	82-91	Haukar - Fjölnir	92-70
------------	-------	------------------	-------

ÚRSLIT

KR – Haukar 91-74

UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Ellefu félag tóku þátt í unglingsflokk karla.

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	FSu	20	17	3	1905:1445	460	34
2.	UMFN	20	16	4	1674:1475	199	32
3.	Fjölnir	20	14	6	1829:1669	160	28
4.	KR	20	13	7	1471:1329	142	26
5.	KFÍ	20	12	8	1517:1427	90	24
6.	ÍR	20	11	9	1685:1529	156	22
7.	Keflavík	20	9	11	1455:1708	-253	18
8.	Haukar	20	6	14	1666:1856	-190	12
9.	Snæfell	20	6	14	1330:1545	-215	12
10.	UMFG	20	5	15	1495:1612	-117	10
11.	Valur	20	1	19	1183:1615	-432	2

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félag saman:

FSu – KR	88-79	UMFN – Fjölnir	79-87
<u>FSu – Fjölnir</u>	74-85		

DRENGJAFLOKKUR

Fimmtán félag voru skráð í drengjaflokk og var þeim skipt í tvo styrkleikaskipta riðla. Öll félögin í A-riðli, ásamt tveimur efstu félögum B-riðils komust í 8-liða úrslit. Þór Ak. gaf leik sinn í 8-liða úrslitum.

A-riðill

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	KR	20	18	2	1660:1404	256	36
2.	FSu	20	14	6	1679:1293	386	28
3.	Fjölnir	20	13	7	1823:1567	256	26
4.	Keflavík	20	7	13	1267:1542	-275	14
5.	Valur	20	5	15	1256:1509	-253	10
6.	Haukar	20	3	17	1454:1824	-370	6

B-riðill

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	ÍR	10	10	0	697:576	121	20
2.	Þór Ak.	10	7	3	651:597	54	14
3.	Laugðalir	10	5	5	605:600	5	10
4.	Þór Þorl.	9	4	5	624:603	21	8
5.	Breiðablik	7	1	6	391:443	-52	2
6.	ÍA	8	0	8	465:614	-149	0

Úrslit vantar úr nokkrum leikjum.

Í 8-liða, undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

8-LIÐA ÚRSLIT

KR – Þór AK.	20-0	FSu – ÍR	122-50
Fjölnir – Haukar	146-86	Keflavík – Valur	64-58

4-LIÐA ÚRSLIT

KR – Keflavík	77-67	FSu – Fjölnir	97-107
---------------	-------	---------------	--------

ÚRSLIT

KR – Fjölnir **88-87**

11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: UMFN, Breiðablik, Hamar/Selfoss, Valur

B-riðill: Fjölnir, Keflavík, Haukar, UMFN

C-riðill: KR, Tindastóll, Þór Ak., Höttur.

Haukar, UMFN hættu keppni og því varð ekkert úr 3. umferð C-riðils.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

UMFN – Keflavík	67-42	Valur – KR	81-73
<u>UMFN – Valur</u>	80-52		

10. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: KR, Keflavík, Breiðablik, Fjölnir, Haukar.

B-riðill: Hamar/Selfoss, Valur, ÍR, Þór Þ., Stjarnan.

C-riðill: Kormákur, Hekla, UMFH, Reykdælir.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

KR – Haukar	75-58	Breiðablik – Keflavík	69-67
KR – Breiðablik	67-48		

9. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Breiðablik, Fjölnir, Valur, Haukar, Kormákur, UMFH.

B-riðill: Skallagrímur, Snæfell, Keflavík, UMFN, KR, Þór Ak.

C-riðill: Tindastóll, Sindri, Ármann/Þróttur, Valur b, Reynir S.

Valur b og Reynir S. hættu keppni. Fjölnir b kom inn í 3. umferð.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

Haukar – Skallagrímur	62-50	Fjölnir – Snæfell	57-36
Haukar – Fjölnir	32-65		

8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í fimm riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Fjölnir, Tindastóll, Hamar/Selfoss, UMFG, UMFN, Haukar.

B-riðill: Þór Ak. Valur, Breiðablik, Breiðablik b, Keflavík.

C-riðill: KFÍ, Þór Þ. Ármann/Þróttur, KR.

D-riðill: ÍBV, Höttur, UMF Bolungarvíkur, ÍR, Valur b.

E-riðill: UMFH, Reykdælir, Stjarnan, Snæfell, Keflavík b.

Reynir S. og Valur b hættu þátttöku.

LOKASTAÐAN Í A-RÍÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Fjölnir	4	4	0	241:154	87	10
2.	Tindastóll	4	3	1	188:189	-1	9
3.	Hamar/Selfoss	4	2	2	196:186	10	8
4.	UMFN	4	1	3	130:171	-41	4
5.	Haukar	4	0	4	129:184	-55	2

7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Breiðablik, UMFN, Keflavík, Fjölnir, Tindastóll.

B-riðill: Skallagrímur, KR, UMFH, UMFG, Hamar/Selfoss.

C-riðill: Ármann/Þróttur, ÍA, Valur, Breiðablik b.

D-riðill: Haukar, ÍR, ÍBV, KFÍ.

Fjölnir b og UMF Bolungarvíkur hættu þátttöku.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	Breiðablik	4	4	0	186:128	58	12
2.	Keflavík	4	3	1	202:150	52	8
3.	Fjölnir	4	2	2	166:184	-18	6
4.	UMFN	4	1	3	146:166	-20	3
5.	Skallagrímur	4	0	4	127:199	-72	3

MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félag tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í fjóra riðla.

Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:

A-riðill: Fjölnir, Tindastóll, Breiðablik, Keflavík, UMFN.

B-riðill: UMFG, Þór Þ., KR, Skallagrímur, Hamar/Selfoss.

C-riðill: Valur, Snæfell, Ármann/Þróttur, ÍR, ÍR b.

D-riðill: Skallagrímur, ÍBV, Haukar, Hekla, Hamar/Selfoss b.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

Nr.	Félag	Leik	U	T	Stig	Nett	Stig
1.	KR	4	4	0	227:105	122	8
